



Mjólkurmálið. Ræða Jóns Þorlákssonar borgarstjóra um mjólkursöllumálið á bæjarstjórnarfundi 7. mars 1935

Bjarni Benediktsson – Mjólkurmálið. Ræða Jóns Þorlákssonar borgarstjóra um mjólkursöllumálið á bæjarstjórnarfundi 7. mars 1935

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-3, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

MJÓLKURMÁLIÐ

RÆÐA

Jóns Þorlákssonar borgarstjóra
um mjólkursölumálið á bæjarstjórnarfundum
7. mars 1935

REYKJAVÍK — 1935 — FÉLAGSPRENTSMIÐJAN

Mér hafa horizt svo margar fyrirspurnir undanfarið frá bæjarbúum um það, hvað bæjarstjórnin ætli að gera í þessu svokallaða mjólkursöllumáli, að mér þótti ekki mega dragast öllu lengur að taka málið á dagskrá bæjarstjórnar, til þess að henni gæfist tækifæri til að ræða málið og taka afstöðu til þess, hvort hún vildi einhverjar ályktanir í því gera.

Upphaf þessa máls er — eins og kunnugt er — það, að fyrst var með bráðabirgðalögum og síðan með lögum samþykktum á Alþingi 19. desember síðast., gerð ný skipun um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, og tekur sú skipun að forminu til, til allra þeirra svæða á landinu, þar sem er mjólkurmarkaður innan svæðisins, í kauptúni eða kaupstað. En í raun og veru taka lögin í framkvæmdinni aðallega, eða eingöngu, til þess svæðis, sem liggur að Reykjavík og Hafnarfirði, og til þeirra kaupstaða.

Sú hlið þessara laga, sem fyrst og fremst snýr að bæjarstj. Reykjavíkur, er 17. greinin, þar sem *numin eru úr gildi* þau lög og reglugerðir, er á þeim lögum byggðust, sem áður giltu um mjólkursölu í Reykjavík. En lögin, sem áður voru, lögðu ihlutunarvald þess opinbera í þessu efni yfirleitt að mestu í hendur bæjarstj. Reykjavíkur, en nú er henni með þessum lögum að mestu leyti bægt frá afskiptum af þessu máli. Þó ekki frekar en svo, að hún getur nú, hvenær sem henni þykir tími til kominn, tekið þetta mál til þeirra afskipta, sem

ekki verður gengið fram hjá, sem ég síðar mun koma að.

Eg þarf svo ekki að lýsa því, hvernig hefir orðið um framkvæmd þessara laga almennt. Það eru tvær nefndir, sem hafa á hendi framkvæmdirnar, annarsvegar 5 manna verðlagsnefnd, sem ákveður mjólkurverðið, og hins vegar mjólkursölunefnd, sem hún heitir samkv. lögum. Á hún, eftir lögnum, að hafa yfirstjórn þessara mála, en samkv. bráðabirgðaákvæði hefir hún einnig á hendi stjórn mjólkursölnunnar í Reykjavík og Hafnarfirði fyrst um sinn, til 1. maí 1935.

Það hafa orðið mikil mistök á meðferð þessarar nefndar á mjólkursölnunni. Um það eru nú allir sammála. Eg skal ekki fara neitt langt út í það mál, því að eg ætla mér hér aðallega að gera grein fyrir þeirri hlið málsins, sem veit að hagsmunum Reykjavíkurkaupstaðar beinlínis, og sem eg tel bæjarstjórn Reykjavíkur sérstaklega skylt að hafa athugun á. En eg get þó ekki að öllu leyti gengið fram hjá þeim mistökum, sem orðið hafa á mjólkurversluninni hér í bænum í höndum mjólkursölunefndar, því að þau snerta bæjarbúa sannarlega mjög; og þau eru við hlið á sumum ákvæðum laganna, sem eru sérstaklega ósanngjörn í garð Reykjavíkur, orsök og undirrót þeirrar óánægju, sem nú er orðin svo almenn í bænum, að það er alveg ljóst, að stefnt er út í vandræði fyrir alla, ef ekki tekst að finna einhverja leið til þess að koma málinu út úr þeim ógöngum, sem það nú er í.

Það, sem sérstaklega hefir einkennt starf og framferði mjólkursölunefndar, er það, að *hún hefir ekki viljað fylgja þeirri einföldu grundvallarreglu, sem hver seljari eða umboðsmaður framleiðenda verður að hafa hugann fastan við, en það er að taka sem allra fyllst tillit til óska og þarfa skiptavinanna.* Tilhögun á mjólkurverzluninni, áður en nefndin tók til starfa, var sú, að viðskiptin voru mjög frjáls, svo að bæjarbúar gátu yfirleitt keypt þar mjólk, sem þeir helzt vildu. Því verður

ekki neitað, að þetta viðskiptafrelsi hafði leitt til þess, að sölu- og dreifingarkostnaður mjólkur hér í bænum var orðinn óþarflega mikill, að því er virtist. Og réttmæti þessarar löggjafar átti fyrst og fremst að byggjast á því, að með nokkurri þrengingu á viðskiptafrelsi og með skipulagningu, sem kallað er, yrði sölu- og dreifingarkostnaðurinn færður niður. Eg þori að segja, að Reykvíkingar voru almennt fúsir að beygja sig undir þetta út af fyrir sig, í von um, að það yrði til hagsmuna bæði fyrir framleiðendur og neytendur, þó að vitanlegt væri, að öll sú lækkun á sölu- og dreifingarkostnaði, sem unnt yrði að ná, eða langmest af henni, lenti á Reykvíkingum, sölustöðum og sölufólki.

En þessu hefir í höndum samsölunnar fylgt fleira, og það ýms þau atriði, sem valdið hafa mjög sterkri óánægju meðal bæjarbúa. Eg skal ekki rekja þau hér, en aðeins gera að umtalsefni tvö, sem eg held, að lítið hafi verið minnst á opinberlega áður, og geng fram hjá hinum, sem rædd hafa verið á mannfundum og í blöðum og öllum eru kunn, til þess að mál mitt þurfi ekki að verða of langt.

Þannig var sölunni háttað áður, að Mjólkurfélag Reykjavíkur rak hér gerilsneyðingarstöð, sem efalaust tók öðrum gerilsneyðingarstöðvum fram, og var framför frá því, sem áður hafði verið. Nú var svo háttað hjá M. R., að flesta tíma ársins hafði það meiri mjólk til umráða heldur en það gat komið út sem neyzlumjólk hér í bænum. Afgangurinn var þá notaður til að framleiða skyr, rjóma og að einhverju leyti smjör. Nú fylgdi Mjólkurfélagið þeirri skynsamlegu og sjálfsgöðu reglu, að láta fara fram öðru hvoru skoðun og gerilrannsókn á mjólkinni, sem stöðinni barst, og *bezta mjólkinn var alltaf látin ganga fyrir í gerilsneyðingu*, til að seljast bæjarbúum sem neyzlumjólk, en *lakasta mjólkinn tekin frá*, og unnar úr henni þær mjólkurafurðir, sem eg hefi nefnt. Með þessu hafði Mjólkurfélagið góða aðstöðu til

Þess að láta í té mjög viðunanlega vöru úr gerilsneyðingarstöð sinni.

Nú var það ein grundvallarhugsunin í hinni nýju löggjöf, að það átti meðal annars að minnka kostnaðinn við dreifing mjólkur með því, að komast hjá — svo sem unnt væri — að flytja mjólk lengra að, t. d. austan yfir Hellisheiði, vegna þess að á hana félli meiri flutningskostnaður. Og hugsunin var því náttúrlega sú, að nota að mestu — eða máske eingöngu — mjólk af því svæði, sem Mjólkurfélag Reykjavíkur tekur yfir, til neyzlu, og láta í stassaniseringarstöðina. Það mátti náttúrlega búast við því, að þessi breyting hefði það í för með sér, að mjólkinn, sem fer í stöðina, yrði að meðaltali nokkru lakari heldur en hún var í höndum M. R., meðan það hafði kringumstæður til að sortera lökustu mjólkina frá. Það er náttúrlega ekki hægt að kenna framkvæmdanefnd mjólkursölunnar um það, þó að þetta yrði svona; en þarna er strax ein af skýringunum á því, vegna hvers verið hefir meiri óánægja með mjólk úr þessari sömu stassaniseringarstöð eftir að samsalan tók við, heldur en áður var.

En það, sem ég hér ætlaði sérstaklega að draga fram, er það, að stjórn mjólkursamsölunnar hefir með opinberri tilkynningu sýnt það, að hún hefir *ekki einu sinni vilja á því, að láta mjólkina, sem fer í gegnum hennar hendur, vera sem bezta*. Fyrir nokkru síðan var yfirlýst af stórum hóp húsmæðra hér í bænum, að þær ætluðu að minnka mjólkurneyzlu sína. Samsalan gaf út eins konar svar við þessu opinberlega. Hún var þá nýbúin að taka í sína stöð mjólk frá einu af búum í nágrenni bæjarins, Korpúlfsstöðum, sem hafði, bæði frá dýralækni nefndarinnar og öðrum, fengið viðurkenningu fyrir því að vera meðal þeirrar beztu mjólkur, sem til bæjarins er flutt.

Nú gefur mjólkursölunefnd út opinbera tilkynningu um það, að ef mjólkurneyzlan minnki svo, að *eitthvað*

verði afgangs, sem þurfi að búa til úr skyr, þá verði fyrst og fremst tekin til þess mjólkin frá þessu búi, sem allir vissu, að var meðal *beztu mjólkurinnar*. Er þetta alveg öfugt við það, sem Mjólkurfélagið hafði alltaf gert áður og talið sér skylt að gera, til að veita bæjarbúum þá beztu neyzlumjólk, sem kostur var á, en vinna frekar úr þeirri lakari. En mjólkursamsalan kinokar sér ekki við að auglýsa opinberlega, að hún muni taka það bezta frá, ef henni býður svo við að horfa.

Eg veit ekki, hvort þeir menn, sem mynda meirihl. mjólkursölunefndar, hafa athugað það, að slík yfirlýsing er í raun og veru sama sem yfirlýsing um það, að ef nokkur verulegur hluti bæjarbúa hættir að drekka mjólk, þá skuli þeir sjá um, að hinir, sem halda áfram, fái eins laklega mjólk eins og hún geti látið í té, með því að draga undan af þeirri beztu, en ekki af þeirri lökustu. Eg álit, að svona auglýsing ein út af fyrir sig, sé næg til þess að sanna það, að sú tilhögun, sem hér er upp tekin, er alveg óviðunandi fyrir bæjarbúa.

Eg vil hér bæta því við, að það er í þessum sama anda unnið, þegar mjólkursamsalan tekur þá óaðfínanlegu mjólk, sem bæjarbúar áður áttu kost á, og setur hana saman við aðra mjólk til gerilsneyðingar í þessari stöð á sama tíma og því er *opinberlega yfirlýst* í blöðum frá mönnum úr mjólkursamsölunni, ef ekki frá nefndinni sjálfri, að það sé *óbragð að þeirri mjólk, sem úr gerilsneyðingarstöðinni kemur*, og því er lofað, að setja skuli vísindamenn til að rannsaka, af hverju þetta óbragð komi. Sá, sem vildi taka tillit til hagsmuna skiptavinanna, mundi þó fyrst og fremst gera sér að skyldu að láta mönnum frjáls kaup á þeirri mjólk, sem þeir áður hafa haft og ekkert óbragð er að, á meðan vísindamennirnir eru að grafast fyrir ræturnar á óbragði mjólkurinnar úr gerilsneyðingarstöðinni, og finna ráð til að losna við það.

En eg sný mér þessu næst að þeirri hlið málsins, sem

eg tel, að varði bæjarstjórn Reykjavíkur alveg sérstaklega, og það er aðstaða mjólkurframleiðenda hér í lög-sagnarumdæminu.

Það er upplýst, að síðasta ár, sem skýrslur liggja fyrir um mjólkurneyzlu í bænum, árið 1933, nam hún yfir árið kringum 6 milljónum lítra. Það má búast við, að neyzlan hafi aukizt eitthvað síðan, með vaxandi mannfjölda. Á bæjarlandinu eru nú um 700 kýr; og eftir opinberum skýrslum eiga þær að mjólka að meðaltali rúma 3 þús. lítra hver. Ætti því mjólkurframleiðsla bæjarbúa sem stendur að vera nokkuð yfir 2 milljónir lítra á ári eða nálægt $\frac{1}{3}$ af mjólkurneyzlunni í bænum, eins og oft hefir verið tekið fram.

Nú er það skoðun mín, sem eg líka hélt fram á Alþingi meðan eg var landkjörinn þingmaður þar, að hvaða ákvörðun sem annars yrði gerð, um aðflutta mjólk á markað kaupstaðanna, Reykjavíkur sérstaklega, þá yrði *heimaframleiðslan að fá að vera áfram algerlega frjáls og undanþegin öllum kvöðum og að aðþrengingum öðrum en þeim, sem byggjast á hreinum og beinum hreinlætis og heilbrigðis-ástæðum.*

Í mjólkurlögunum, eins og þau liggja fyrir, hefir nú verið vikið frá þessum grundvelli. Núverandi landbúnaðarráðherra náði upphaflega nokkurs konar samkomulagi við fleiri eða færri menn úr stjórn Mjólkur- og nautgriparæktarfélags Reykjavíkur um það, að þeir skyldu ekki setja sig neitt á móti því, að reykviskir mjólkurframleiðendur væru krafðir um verðjöfnunargjald af mjólk sinni, *að því leyti sem hún ekki byggðist á ræktuðu landi innan bæjarins.* Og þetta var nánar skilgreint þannig, að gjaldfrjáls skyldi ein kýr fyrir hvern hektara af ræktuðu landi.

Eg get í sjálfu sér vel skilið óskina um það, að þannig yrðu sett takmörk fyrir því, hvað innanbæjarmenn gætu haft mikinn kúastofn gjaldfrjálsan. Og eg ætla mér ekki fyrir mitt leyti að hefja neina árás eða reki-

stefnu út af því, þótt þetta verði látið áfram standa til nokkurrar varnar gegn því, að hingað verði fluttur kúabúskapur, sem eftir eðli sínu á heima annars staðar, eða a. m. k. til varnar því, að hann geti setið hér í nokkru skjóli eða gjaldfrelsi, sem hann gæti ekki notið í heimahögum sínum. En svo við endanlega samningu þessara laga *hefir verið brotin á innanbæjarframleiðendum þessi regla, sem þó var í rauninni búíð að gefa loforð um*. Krafa Reykvinga hefir náttúrlega alltaf verið sú, að það mættu haldast áfram þau beinu viðskipti, sem hafa verið milli framleiðenda innan bæjar og þeirra neytenda, sem af þeim vilja kaupa beint og milliliðalaust. En á þetta frelsi eru í lögunum, eins og þau nú eru, lagðar tvær hömlur umfram það, sem réttmætt er. Réttmætt er það náttúrlega, að gera algerlega fullnægjandi kröfur til þessara innanbæjarframleiðenda um hreinlæti og heilbrigðishætti á fjósum þeirra og fólki. En þær kvaðir, sem þar að auki eru lagðar á þessa framleiðendur, eru þær tvær, að annars vegar eiga þeir undir geðþótta mjólkurnefndar, hvort þeim verður lofað að halda áfram beinum viðskiptum við kaupendur sína; og hins vegar eru þeir *sviptir þeirri undanþágu frá verðjöfnunargjaldi fyrir kýr, sem þeir ala á sínu eigin ræktaða landi*, sem aðrir framleiðendur innan bæjar þó njóta samkvæmt lögunum.

Eg skal nú gera svolítið nánari grein fyrir þessum tveimur atriðum sérstaklega, þar sem mér finnst gengið á rétt þessara atvinnurekenda hér í bænum á þann hátt, að bæjarstjórnin geti ekki látið afskiptalaust.

Þá er fyrst þetta, að mjólkursölnunefnd virðist í framkvæmdinni álita, að það sé alveg undir geðþótta hennar komið, hvort þessir framleiðendur fái að halda áfram rétti sínum til beinna viðskipta eða ekki. Skal eg rökstyðja þetta með því, að vísa í alveg nýja opinbera tilkynningu frá nefndinni sjálfri. Það birtist nýlega í blöðunum innköllun á verðjöfnunargjaldi frá þessum mönn-

um. Þess var krafist, að þeir greiddu fyrir tiltekinn dag, 10. þ. m. Fylgdi og það, að ef ekki yrði greitt á þeim tíma, yrði gjaldið tekið lögtaki. Þetta er allt saman í samræmi við ákvæði laganna, eins og þau eru. En svo bætti nefndin við, að *ef til lögtaks komi, verði menn jafnframt sviptir réttinum til að selja til neytenda milli-liðalaust*. Og þetta er óhæfa, sem hvergi þekktist þar sem siðaðir menn fást við framkvæmd laga. Það er svo um sérhvert það gjald, sem lögtaksrétt hefir, að fátæklingurinn verður að þola það, ef hann hefir ekki getað borgað, að lögtakið sé framkvæmt og þeir munir teknir, sem hann getur vísað á. En hitt er alveg óheyrnt, að stjórnarvöld leyfi sér að leggja *atvinnumissi* við, ef svo fer fyrir fátæklingnum, að til lögtaks þarf að koma hjá honum. Þetta hefir mjókursölunefnd gert í þessari auglýsingu, og tilkynnir þar með, að hún liti svo á, að það sé *alveg undir hennar geðþóttu komið*, hvort eða hve lengi þessir framleiðendur okkar fái að halda rétti sínum til beinna viðskipta.

Þetta er náttúrlega alveg óviðunandi ástand.

Hitt atriðið, er eg nefndi, verðjöfnunargjaldið, er sérstaklega ósannjarnt gagnvart þessum mönnum, sem verður ljóst, ef menn athuga, í hvaða tilgangi og með hvaða rétti þetta gjald almennt er lagt á. Það er lagt á þá mjólk, sem flutt er hingað til bæjarins til neyzlu og seld fyrir töluvert hærra verð en unnt er að fá fyrir mjólk á annan hátt. Og réttmæti gjaldsins byggist á því, að þeir, sem eiga að greiða það, kaupa með því af sér samkeppnisframboð á mjólk annars staðar frá, sem gæti orðið til þess, að mjólk þeirra gengi ekki út sem neyzlumjólk, eða þá ekki nema fyrir lægra verð. Og félög mjólkurframleiðenda utan Reykjavíkur hafa yfirleitt komið sér saman um þetta skipulag. Er náttúrlega ekkert við því að segja, að þeir greiði það gjald, sem félagsskapur þeirra hefir samþykkt, þar eð þeir fá svipuð hlunnindi í aðra

hönd, tryggða sölu á sinum afurðum fyrir hæsta markaðsverð.

En um þessa framleiðendur hér innan bæjar, sem hafa sótt um og fengið — að minnsta kosti til bráðabirgða — leyfi til að halda áfram beinum viðskiptum við neytendur, er það að segja, að þeir *njóta engrar þeirrar verndar fyrir of miklu framboði á mjólk*, sem annars er grundvöllurinn fyrir þessu verðjöfnunargjaldi hinna, sem í samsölunni eru. Þetta dylst mönnum að visu eins og stendur. Svo mikil eftirspurn er eftir mjólk þessara innanbæjarframleiðenda, að menn geta naumast fengið opin augun fyrir því, að þeir eigi við neina samkeppni að búa. En þetta stafar eingöngu af því, að það er svo mikið ólag á starfrækslu samsölnnar, að mikill fjöldi bæjarbúa vill heldur kaupa hjá innanbæjarframleiðendum, sem hafa rétt til beinna viðskipta.

En hugsum okkur að samsalan væri komin í lag, þannig að hún hefði á boðstólum fyrsta flokks vöru eftir hvers manns smekk, — hver er þá aðstaða þeirra innanbæjarframleiðenda, sem hafa bein viðskipti og eiga að greiða hátt verðjöfnunargjald? Hún er sú, að þeir hafa enga tryggingu fyrir að geta komið sinni vöru allri út. Þeir eiga þá allt undir því, hvorum gengur betur að ná í viðskiptin, þeim eða hiaum stóra keppinaut, samsölunni. Þessir menn hafa engan rétt á, að samsalan eða neinn annar kaupi hjá þeim mjólkina, sem afgangsverður. Þeir fá yfir höfuð ekki neitt í aðra hönd fyrir það verðjöfnunargjald, sem af þeim er krafðið.

Eg fyrir mitt leyti er nú í engum vafa um það, að eins og stjórnarskrá landsins hefir verið skilin og skýrð fram á síðustu daga, þá er það algerlega óheimilt löggjöfinni að taka þannig hluta af eign þessara borgara og fá öðrum framleiðendum í hendur. Stjórnarskráin heimilar löggjafarvaldinu að setja skattalög; og það hefir hingað til verið skilið svo, að löggjafarvaldinu væri þar með

heimilað að leggja á skatta til ríkis og sveitarfélaga. En því hefir hingað til ekki verið álitíð heimilt að taka eign eins borgara og fá öðrum til eignar án endurgjalds.

Hér við vil eg nú bæta því, að þetta verðjöfnunargjald er nú sem stendur heimitað hærra en fullvist er að lög leyfi. Lögin ákveða, að verðjöfnunargjaldið megi vera mest 5%, og segja svo að visu, að það sé heimilt að hækka það upp í 8%, *ef sérstök þörf krefur*, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Nú er þetta framkvæmt þannig, að þegar frá upphafi eru ákveðin 8%, án þess að mér vitanlega hafi verið gerð nein tilraun til að færa sönnur á, að þessi sérstaka þörf til hækkunar, sem lögin áskilja, sé fyrir hendi. En hitt er mér nú ljóst, að þótt þessir framleiðendur innan bæjar leiti dómstólaúrskurðar um þessi atriði, og hann félli þeim í vil, þá er ekki þar með fengin nein endanleg eða viðunandi úrlausn á þeim vandræðum, sem allt þetta mál er komið út í, fyrir mistök — að nokkru leyti löggjafarvaldsins, en að miklu leyti framkvæmdavaldsins.

Eg lit þess vegna svo á, sem bæjarstjórn Reykjavíkur verði að leita annarra og kröftugri ráða heldur en þeirra, að leiða einstök atriði fram fyrir dómstóla til úrlausnar, sem þó gæti vel verið rétt að gera, til þess að koma viðunandi skipun á þetta mál. Og eg vil þá gera grein fyrir því fyrst og fremst, vegna hvers eg álit, að bæjarstjórnin verði að standa á verði gegn því, að þessi atvinnuvegur bæjarbúa, mjólkurframleiðslan innan kaupstaðarins, verði lagður í rústir. En að því horfir, ef á að gera mjólkurframleiðendum hér þau skil, að þeir verði að sætta sig við það sama fyrir sína mjólk eins og bændur geta framleitt hana fyrir á góðjörðum uppi í sveit.

Eg vil þá minna háttv. bæjarstjórn á það, að þannig er ástatt um þennan bæ, að *hann er sjálfur verðlagssvæði út af fyrir sig* í svo að segja öllum skilningi. Allt er dýrara hér innan kaupstaðarins heldur en þegar komið er nokkurn spöl út fyrir hann á hvaða veg sem er. Kaup-

gjald er hér hærra en þar, kröfur til lífþæginda eru meiri, húsaleiga hærri, og yfir höfuð allt verðlag. Á þessu byggist líka það, að það er mögulegt að selja hér vöru eins og mjólk, fyrir töluvert miklu hærra verð heldur en hægt er að fá fyrir hana annars staðar á landinu, t. d. í öðrum kaupstöðum landsins, sem ekki búa beinlínis við búsvæli að því er þetta snertir.

Nú mega menn ekki halda, að þetta verðlag hér í Reykjavík, og sú aukna kaupgeta að krónu- og auratali, sem því fylgir, sé hlutur, sem komi svona alveg af sjálfu sér. Þetta byggist auðvitað ekki á öðru en því, að atvinnulíf bæjarins geti borið verðlagið uppi. Nú vitum við, að það þrengir að atvinnulífi bæjarins til sjávarins um þessar mundir. Það eru mjög erfiðar horfur um sölu á aðalframleiðslunni, saltfiskinum, og það er jafnvel talað um, að komið geti fyrir, að með opinberum ráðstöfunum verði að setja takmörkun á það, hvað megi framleiða mikið af þeirri vöru. Bærinn er í hröðum vexti að fólksfjölda, og eg þarf að sjálf sögðu ekki að gera háttv. bæjarfulltrúum grein fyrir því, að ástandið er þannig, að við þolum ekki, að neinn atvinnuvegur bæjarins verði lagður í rústir, hversu smár sem hann kann að virðast. En þessi mjólkurframleiðsla er ekki svo sérlega smár atvinnuvegur, skilar hátt upp í eina milljón króna á ári. Eg veit ekki, hvað mikið af því eru verkalaun; en það getur ekki verið minna en milli helmings og $\frac{2}{3}$.

En nú er ekki bara þessi eini atvinnuvegur í hættu. Því að það mega Reykvíkingar eiga alveg víst, að ef þeir hafa ekki manndóm til að standa saman og vernda þennan hluta af eigin framleiðslu, þá verður ekki numið staðar þar. Það verður haldið áfram. Eg veit ekki, hvað næst við tekur, en eg veit, að það verður haldið áfram og reynt að *skera niður alla þá einkaframleiðslu í bænum, sem okkar kæru nágrannar hér í sveitunum og sjúslunum í kring álita, að þeir geti tekið að sér fyrir okkur*. Svo að eg nefni dæmi, þá hafa á síðustu árum allmargir menn

lagt töluvert mikið fé í að koma á fót eggjaframleiðslu, og hefir markaðurinn fyrir hana verið í bænum. Hvað haldið þið, að sú framleiðsla fái að vera lengi í friði, ef við látum drepa niður mjólkurframleiðsluna í bænum? Bæjarbúar eru ofurlítið byrjaðir á garðrækt, og vona eg, að með góðum tilstyrk bæjarstjórnar verði framfarir á því sviði á næstu árum. Hvað haldið þið að Reykvíkingar fái að vera lengi í friði með garða sína, án þess að lagt sé verðjöfnunargjald á kartöflur og verði að sækja um leyfi til að hafa garðholu o. s. frv., ef við látum viðgangast, að byrjað sé að höggva niður okkar atvinnuvegi?

Við höfum sjálfsagt gert minna að því en efni stóðu til hin undanfögnu ár, að veiða handa okkur í soðið. En nú er að vaxa upp útvegur, sem ekki er óhentugur til þess. Hvað haldið þið að langt verði þangað til menn taka þann atvinnuveg og leggja verðjöfnunargjald á fiskinn, heimta, að sótt sé um leyfi til þess, að Reykvíkingar fái að borða þann fisk, sem þeir hafa veitt sjálfir? Nei, eg segi yður það satt, góðir Reykvíkingar, að ef þið látið við gangast, að kvistaður verði niður einn atvinnuvegur, sem byrjað er á í bænum, þá verður haldið áfram.

Nú þykir mér eðlilegt, að spurt verði: Hvað getur bæjarstjórnin þá gert? Já, hvað getur hún gert eftir að löggjafarvaldið er húið að svipta hana svo að segja öllum rétti til afskipta af þessu máli? Eg fyrir mitt leyti álit þó, að ennþá standi henni tvær leiðir opnar. Sú fyrri, *sem eg vil fyrst og fremst fara og reyna*, er það, að fá með góðu samkomulagi þá menn, sem hingað til hafa verið skiptavinir okkar með mjólk, til að fallast á það, að það er ekki þeirra réttur, að leggja haft og hömlur á þann litilfjörlega atvinnuveg Reykvíkinga á sama sviði. Eg geri mér góðar vonir um, að þeir muni sansast á þetta, ef málið er borið fram við þá í vinnsemd, en með fullri alvöru. Eg vona, að þegar bændur hugsa um það, geti þeir skilið, að þeir eiga ekki að koma til okkar með hnifinn í annari hendinni, til þess

að skera niður þessa tiltölulega litlu einstaklingsframleiðslu bæjarbúa, en rétta fram hina hendina um leið eftir góðri borgun fyrir sínar eigin afurðir, sem þeir selja til okkar. Þeim hlýtur að lærast að skilja, að þeir verði að koma til okkar eins og góðir skiptavinir með vöru sína í annari hendi, en hina framrétta eftir góðri greiðslu, en fara með fullum friði gagnvart okkur og okkar atvinnu heima fyrir. Eg álit, að til þess að fá þessu framgengt, þurfi tvær breytingar á mjólkurlögnum, sem nú eru. Önnur er sú, að það verði með lögum tryggður að fullu réttur þeirra mjólkurframleiðenda innan kaupstaða, sem fullnægja skynsamlegum heilbrigðis- og hreinlætisreglum, til milliliðalausrar sölu á mjólk sinni, og afnumið það ástand, sem nú er, þar sem valdhafarnir virðast líta svo á, að þetta sé komið algerlega undir geðþótta nefndarinnar, sem skipuð er að meirihlutanum, ekki með hagsmuni Reykjavíkur fyrir augum, er óhætt að segja.

Hitt ákvæðið, sem þarf að fá fram, er að *nema burt hið sérstaka verðjöfnunargjald, sem þessum mönnum er gert að greiða samkv. 5. gr. mjólkursölulaganna*, umfram það, sem öðrum innanbæjarframleiðendum er gert að greiða. Ef við fáum þessar breytingar í gegn, þá skulum við láta ráðast, hvernig fer. Þeir, sem hafa mikla trú á kosti og framtíð samsölnnar, þeir halda, að flestir framleiðendur innanbæjar muni sjá sér hag í að fara inn í samsölnuna. Gott og vel; þá gera þeir það af frjálsum vilja. Hinir, sem halda, að framleiðslukostnaðurinn hér í Reykjavík sé svo mikill, að hann þoli ekki þann milliliðakostnað, sem óneitanlega felst í samsölnni, þeir álíta, að Reykvingar muni yfirleitt bæta fjós sín til að uppfylla ströngustu kröfur, og að verzlunin með mjólkina, sem framleidd er innanbæjar, muni að mestu leyti fara fram milliliðalaust.

Þetta er sú leið, sem eg vil fara. Eg vil helzt, að það tækist að skipa þessu máli þannig, að Reykvingar ættu

kost á að halda áfram í góðu samkomulagi að hafa viðskipti með mjólk við alla þá aðilja, sem hingað seldu og sendu mjólkurafurðir áður en þessi löggjöf kom til.

En ef þetta nú ekki tekst, að fá numdar burt allar þær óréttmætu hömlur og kvaðir á atvinnurekstri Reykvíkinga sjálfra á þessu sviði, þá veit eg, að eðlilegt er, að þeirri spurningu verði til mín beint, *hvað eg vilji að bæjarstjórnin þá geri*, ef þessu fæst ekki framgengt. Og eg skal gefa hér það sama svar, sem eg gaf í þessu máli meðan eg ennþá átti sæti á þingi og aldrei hefi farið dult með. Ef þessari sanngjörnu kröfu ekki fæst framgengt, og haldið verður við því ástandi, sem er og verið er að reyna að koma á, að *mjólkurverzlunin í bænum sé einokunarstofnun í höndum manna, sem að minnsta kosti ekki reka einokunina með hagsmuni bæjarins sérstaklega fyrir augum* — svo að vægilega sé talað —, þá vil eg heldur, að málinu sé snúið á þá braut, að *bæjarstjórnin sjálf hefjist handa um mjólkurframleiðslu handa bæjarbúum* — og taki sér það verkefni fyrir hendur, að framleiða handa bæjarbúum *alla þá mjólk, sem þeir þurfa*, til viðbótar þeirri, sem er framleidd af einstaklingum innan lögsagnarumdæmisins. Eg hefi sagt eitthvað í þessa átt oft áður og í margra manna áheyrn, en ekki fundið ástæðu til að láta það koma opinberlega fram fyrr en nú. Eg óska ekki, að til þessa þurfi að koma. En eg segi það, að fáist ekki sjálfsögðum réttindum Reykjavíkurbæjar framgengt í þessu máli, *þá mun eg ekki hika við að leggja fyrir bæjarstjórnina tillögur um, að hún taki málið til úrlausnar á þann hátt, sem eg nú sagði*.

Til þess að menn nú ekki haldi, að þetta sé bara svona hjal, sem ekkert mark þurfi að taka á, þá ætla eg að gera ofurlitla grein fyrir, hvað stórt það verkefni væri, sem bæjarstjórnin þyrfti að taka upp, ef látið er koma til þessara kasta og okkar góðu skiptavinir í nærsveitunum og nærsýslunum ekki komast í skilning um

það, að þeir geti því aðeins rekið hér hagstæða verzlun áfram, að þeir, eins og aðrir, sem verzla, taki fullt tillit til þarfa og óska kaupenda.

Fyrir tveimur árum, 1933, bjuggu hér 30 þúsundir manna og mjólkurneyzlan var einhvers staðar nálægt 6 millj. lítra á ári. Er það ákaflega eðlilegt hlutfall, um 200 lítrar á mann á ári. Þar með má segja, að mjólkurneyzlan á mann sé komin í meðallag. Seinast þegar eg athugaði málið, voru til hrein sveitahéruð, sem ekki höfðu nema eina kú á hverja 20 menn; hefir mjólkurneyzlan þar á mann ekki getað verið eins mikil og hún var fyrir tveimur árum í Reykjavík.

Eg leyfi mér þess vegna að reikna með þessari tölu sem nokkuð sennilegri. Það verður sem stendur h. u. b. 6,6 millj. lítrar; og ef treysta má opinberum skýrslum um mjólkurmagn kúa hér í Reykjavík, samsvarar þessi tala mjólk úr 2 þúsund — eða aðeins liðlega 2 þúsund — kúm, eins og nú stendur, ef þær mjólka 3300 lítra á ári. Til þess þarf reyndar góðar kýr. Þar af höfum við 700 kýr nú þegar á þessu ræktaða landi hér í bænum, sem bæjarstjórnin hefir lagt í mikið fé úr bæjar-sjóði, bæði til að skurða ýms lönd og gera vegi að þeim, yfirleitt til þess að gera þau hæf til þessarar framleiðslu. Þó hafa bæjarbúar þeir, sem ræktunina stunduðu, lagt tiltölulega miklu meira fé frá sér heldur en bæjarstjórnin.

Það er þá þetta skarð, eitthvað um 1300 kýr, sem eftir er að fylla. Og eg þori að segja, að það má undirbúa það mál, ef til þess kemur, að bæjarstjórnin verður knúð til þess, á þann hátt, að framkvæmdin verði bænum á engan hátt ofviða.

Háttvirtir andstæðingar Reykjavíkurbæjar, og þá sérstaklega þeir stjórnámálmenn, sem eiga allt sitt líf undir því — lifa beinlínis á því, að fara um landið með skömmum og rógi um Reykjavík —, þeim kynni nú einhverjum að detta í hug, að ekki þyrfti að taka mik-

ið tillit til þessara orða minna, því að Reykvikingar væru kunnir að því, að koma sér aldrei saman um neitt. En þá hina sömu góðu menn vil eg minna á, að ekki eru nema rétt 2 ár síðan við sátum hér og hnakkkrifumst um annað mál miklu stærra og vorum algerlega ósammála um það, sem sé virkjun Sogsins. En hvernig fór? Þegar búið var að framkvæma grundaðan undirbúning á þessu máli, var ekki einasta öll bæjarstjórnin sammála, heldur einnig allir bæjarbúar bak við hana. Og nú er þetta mál á þeim tímamótum, að það er að komast af undirbúningsstiginu og á framkvæmdastigið. Og Reykvikingar standa saman um það.

Þetta mega skiptavinir okkar í nálægari héruðum líka vita, að finni Reykvikingar það, að þeir eigi ekki að ná þeim eðlilega rétti sínum til að hafa sitt eigið atvinnulíf í friði fyrir þeim mönnum, sem njóta hér góðra viðskipta, þá verða Reykvikingar líka sammála um það, að leysa annað eins mál og þetta.

Nú skal eg taka það fram, að það, sem eg hefi sagt hér, það hefi eg sagt aðeins fyrir minn reikning eingöngu. Eg hefi ekki borið mig saman um það við neinn flokk, hvorki á þingi né í bæjarstjórn. En eg hefi viljað gera grein fyrir, hvernig málið horfir við frá mínu sjónarmiði. Og eg endurtek það, að mín ósk í málinu er fyrst og fremst sú, að við náum samkomulagi við okkar góðu skiptavini með mjólk og mjólkurafurðir um það, að viðskiptin megji halda áfram, en framleiðsla Reykjavíkur á þessu sviði fái að vera í friði fyrir þeim. Takist ekki að ná samkomulagi, þá hefi eg ekki aðrar uppástungur fram að bera um úrlausn en þá, sem eg nefndi nú. En að þessu sinni ber eg aðeins fram svohljóðandi mjög hógværar tillögur til verndar atvinnurekstri bæjarmanna:

„Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að gera þær breytingar á lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., að:

1. *Tryggður verði að fullu réttur þeirra mjólkurframleiðenda innan kaupstaðarins, sem fullnægja skynsamlega settum heilbrigðis- og hreinlætisákvæðum, til milliliðalausrar sölu á mjólk sinni.*
2. *Fellt verði burtu það sérstaka verðjöfnunargjald, sem þessum mönnum er gert að greiða samkvæmt 5. grein laganna.*

Að gefnu tilefni í umræðum þeim, sem urðu um málið, tók borgarstjóri meðal annars þetta fram:

Tillögur mínar fara *ekki* fram á, að afnumið verði það verðjöfnunargjald fyrir innanbæjarframleiðendur, sem einhvers konar samkomulag náðist um milli ráðherra og nokkurra manna úr stjórn Mjólkur- og nautgriparæktarfélags Reykjavíkur, þ. e. að goldið sé fyrir þær kýr, sem eru umfram hektaratölu ræktaðs lands. Þetta gjald er ákveðið í 3. gr. laganna. Hér er aðeins farið fram á burtfellingu þess algerlega ósanngjarna *aukagjalds*, sem lagt er með 5. gr. laganna á þá menn, sem hafa beztu fjósin og hreinlæti á fullkonnasta stigi og þar af leiðandi fá að selja milliliðalaust.

Eg tel sjálfsagt, að reyna þá tilhögun, sem 3 þingmenn nærsveitakjördæma, úr Sjálfstæðisflokknum, stinga nú upp á, sem sé *að stjórn Mjólkursamsölnunnar sé fengin framleiðendum sjálfum í hendur*. Sú tilhögun hlýtur að verða til bóta frá því, sem nú er, því *það er fullreynt, að nú er mjólkursalan í höndum manna, sem láta sér á sama standa, hvort salan gengur vel eða illa.*

En framleiðendum stendur ekki á sama.

Ef framleiðendur fá sjálfir að stjórna mjólkursölnunni, þá er það tryggt, að gætt verður þess frumatriðis í viðskiptunum, að gera kaupendur ánægða, svo sem mest seljist af mjólkinni.

Frumvarp það, sem nú er komið fram í þinginu frá þrem Sjálfstæðismönnum, til breytingar á mjólkurlög-

unum, er miðað algerlega við hagsmuni kjósenda þeirra. Í því frumvarpi er ekki tekið tillit til þeirra hagsmunamála Reykvikinga, er eg talaði um í minni fyrri ræðu.

Ef Reykvikingar sinna ekki sjálfir hagsmunamálum sínum, þá er ekki við því að búast, að aðrir geri það. Hefi eg látið svo um mælt nokkrum sinnum áður, og nota tækifærið til að minna á það enn.

Meðan eg er borgarstjóri í Reykjavík, tel eg það skyldu mína, að standa á verði fyrir réttmætum hagsmunum Reykvikinga, eftir fremsta megni. Og það mun eg gera, án nokkurs tillits til þess, hvort einhverjum mönnum líkar betur eða ver.
